

Stjórnarfundur FEB nr. 442

Priðjudagur 18.2.2020 kl. 9:30

Mætt: Ellert B. Schram, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Finnur Birgisson, Guðrún Árnadóttir, Kári Jónasson, Róbert Bender, Sjöfn Ingólfssdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Ólafur Örn Ingólfsson sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkv. stj. og Jóhanna Ragnarsdóttir skrifstofustjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerðir bornar upp og samþykktar og stefna FEB undirrituð.

Fundargerðir síðustu funda samþykktar og undirritaðar. Stefna FEB sem verið hefur í mótun síðustu misseri undirrituð eftir endanlegar leiðréttingar.

2. Leigufélag aldraðra hses

Ólafur Örn gerði stutta grein fyrir og rifjaði upp aðdraganda að stofnun félagsins. Félagið er stofnað á grundvelli laga um almennar íbúðir frá júní 2016. Leigufélagið er óhagnaðardrifið og íbúðir ætlaðar félögum í FEB enda er FEB eini stofnaðilinn. Þá sagði hann frá stöðu verkefnisins sem er bygging 52 leiguíbúða á Sjómannaskólareit. Endanleg afgreiðsla skipulags liggur fyrir og hönnun er langt komin. Gert er ráð fyrir verklokum innan 12 mánaða. Félagið nýtur stofnstyrkja frá ríki og borg samkvæmt lögum, framkvæmdafjármögnun liggur fyrir og langtímafjármögnun er í undirbúningi. Engar fjárhagsskuldbindingar falla á FEB vegna verkefnisins.

3. Glærum um kjaramál

Dreift var fróðlegum glærum frá Henny Hinz hagfræðingi ASÍ um breytingar á tekjuskattskerfinu 2020. Sýndar eru breytingar í súlurítum fyrir mismunandi tekjuhópa og ellilífeyrisþega. Reiknuð eru dæmi um ávinning í krónum fyrir mismunandi tekjuhópa.

4. Uppgjör við LEB frá 2019

Farið yfir stöðuna við LEB. Samþykkt að reyna að klára uppgjör sem fyrst eða ganga frá samkomulagi.

5. Grái herinn

Umræða um uppruna og tilvist Gráa hersins. Grái herinn var upphaflega stofnaður innan FEB en miklar umræður hafa skapast um hvar hann ætti heima. Baráttumál hersins varða hagsmuni allra eldri borgara á Íslandi.

6. Rafræn félagakort

Sagt frá fundi með aðila sem kynnti möguleika á rafrænum félagakortum og afsláttarkortum. Ljóst er að félagið stefnir þá leið en fleiri verkefni er aðkallandi eins og endurskoðun heimasíðu og tæknimál á skrifstofunni.

7. Erindi frá Alþingi til umsagnar

Sent hafði verið út fyrir fundinn til kynningar, frumvarp til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra þingskjal 63- 63. mál. Framkv.stj. falið að svara að FEB mæli með.

8. Ráðning nýs starfsmanns

Framkv.stj. gerði nánari grein fyrir hugmyndum um hvernig starfsmann FEB þyrfti og lagði fram yfirlit um helstu verkefni og skipulag á skrifstofu. Stjórnin fól framkv.stj. eftir

RB JS

umræður að ganga í málið.

9. Önnur mál

Finnur sagði frá samtali við aðila í ferðabjónustu en félagið er í spennandi ferli að móta stefnu í ferðamálum fyrir félagi FEB.

Þorbjörn sagði frá fundi í "stóru nefndinni". Þar er ekkert að gerast.

Þá sagði Þorbjörn einnig frá boðuðum aðalfundi húsfélagsins í Árskógum 1-3. Farið er fram á að fulltrúar FEB mæti á fundinn.

Fundi slitið kl. 12.15

ÓÓ!

Sigr. Sveinsson

Frinnur Þorgeirsson

Guðni Arnaldsson

Adri. Jónsson

Sigr. Þorgeirsson

Þorbjörn Antonsson

Ólafur Þor Jónsson

Robert P. Bendur.